

INNKAUPASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Það er stefna Reykjavíkurborgar:

1. Að við innkaup Reykjavíkurborgar sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvítvetna.
2. Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við Reykjavíkurborg.
3. Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
4. Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar.
5. Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða-, umhverfis- og mannréttindasjónarmiða.
6. Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til Reykjavíkurborgar.
7. Að við innkaup Reykjavíkurborgar sé beitt útboðum, að eins miklu leyti og unnt er og hagkvæmt þykir og að hlutur útboða í heildarinnkaupum Reykjavíkurborgar aukist.
8. Að samræma innkaup fyrir einstakar stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.
9. Að ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar sé á hendi viðkomandi sviðsstjóra.
10. Að beita sér fyrir því að fyrirtæki í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar gæti þeirra sjónarmiða sem felast í innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Samþykkt á fundi innkauparáðs 17. febrúar 2011

Með breytingum samþykkt á fundi borgarráðs 10. mars 2011

Samþykkt í borgarstjórn 15. mars 2011